

Ar 1982, föstudaginn 4. júní, var í málínu nr. 3/1982 kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

úrskurður:

Tilefni máls þessa er ágreiningur, sem hefur risið milli eiganda hússins nr. 24 við Karfavog annars vegar og eigenda húsanna nr. 14, 16, 18, 20, og 22 tilheyrandi sömu húsaröð hins vegar um eignarrétt að kjallrararými undir húsinu nr. 24. Kjallari er ekki undir hinum húsunum og var rými þetta í upphafi haft til afnota fyrir sameiginlega kyndingu umræddra húsa.


Eigandi hússins nr. 24 telur að umræddur kjallari tilheyri sínu húsi óskorað, eftir að kvöð um afnot í þágu oliukyndingar var úr sögunni, eins og nánar er rökstutt í bréfi hans frá 27. janúar 1982. Gerir hann kröfu um að húseignin Karfavogur 24 verði skráð á sitt nafn eingöngu.


Eigendur húsanna nr. 14, 16, 18, 20 og 22 telja hins vegar, að kjallari sá, sem hér um ræðir, sé óskipt sameign húseigenda í húsaröðinni. Húseigendur hafi kostað gerð kjallarans sameiginlega og hann frá upphafi verið ætlaður til sameiginlegra nota. Vegna sameignar kjallarans og inngangs um hann hafi verið bætt ca. 4. metra breiðri lóðaspildu við syðri enda húsaraðarinnar, sem hefir að mestu bæst við lóð hússins nr. 24. Eru sjónarmið þessi nánar rökstudd í greinargerð, dags. 15. maí 1982, og framlögðum skýrslum.


Það er ekki á valdi Yfirlasteignamatsnefndar að skera úr ofangreindri eignarþrætu. Við eigandaskráningu í fasteignamats-skrá ber að leggja til grundvallar þinglýstar eignarheimildir, eins og þar liggja fyrir á hverjum tíma. Brynjúlfur Thorvaldsson er samkvæmt framlögðu veðbókarvottorði eigandi fasteignarinnar nr. 24 við Karfavog og ber að leggja það til grundvallar eigandaskráningu, uns bindandi niðurstæða liggur fyrir í framangreindu þrætumáli.

ÚRSKURÐARORÐ:

Brynjúlfur Thorvaldsson skal einn skráður eigandi fasteignarinnar nr. 24 við Karfavog í Reykjavík.


Gaukur Jörundsson


Pétur Stefánsson.


Guðmundur Magnússon.